

Sveitarstjórn Strandabyggðar
Hafnarbraut 25
510-Hólmavík.

Hólmavík 7. mars 2025.

Erindi þessa bréfs er að spyrjast fyrir um áform Sveitarstjórnar Strandabyggðar hvað varðar tónlistarkennslu og hugsanlegt samstarf kirkjunnar og sveitarfélagsins.

Nú er málum þannig háttað með organistamál hjá kirkjunni að ekki er lengur kórstjóri eða organisti og erum við talsvert áhyggjufull vegna þess. Á sóknarnefndarfundum 5. mars s.l. voru m.a. þessi mál rædd og upp kom sú hugmynd að hafa samband við sveitarfélagið okkar og spyrjast fyrir um hvort hugmyndin væri e.t.v. að ráða tónlistarkennara við skólann og ef svo væri þá þætti okkur ákjósanlegt ef slíkur aðili gæti og vildi einnig koma til starfa við kirkjuna. Staðan er raunar þannig að við finnum ekki ennþá a.m.k. neina góða lausn, en hér eru fordæmi fyrir því að tónlistarkennarar við grunnskólann hafa sinnt þessu tónlistarstarfi meðfram kennslustörfunum.

Í langan tíma hefur tónlistarlíf hér á Hólmavík verið mjög öflugt og teljum við það eftirsóknarvert á allan hátt fyrir samfélagið. Tónlistarstarf er líka mjög gefandi fyrir þátttakendur sem og þá sem njóta, gott tónlistarlíf ber hróður byggðarlagsins víða. Tónlistarkennslu grunnskólabarna mælum við alltaf með og teljum það áhugavert og uppbyggilegt tólmstundastarf hvert svo sem leiðin liggur í framtíðinni.

Sóknarnefndin er þó á þessari stundu að reyna að hugsa í lausnum vegna þess vanda sem helgihald hjá okkur er í um þessar mundir, við viljum gjarnan eiga samstarf við sveitarfélagið ef áformað er að ráða hingað tónlistarkennara á komandi skólaári og myndum líta á slíkt samstarf sem framtíðarlausn.

Virðingarfyllt,

F.h. Sóknarnefndar Hólmavíkursóknar

Sólrún Jónsdóttir, formaður sóknarnefndar.